

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 2. október 2023

**Umsögn Landverndar um breytingar á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992, með síðari breytingum (Sameining Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúruvísindastofnunarinnar við Mývatn).**

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreind áform og vísar í umsögn sína frá 13. júní um sameiningu stofnana þar sem því er fagnað mjög að standi til að sameina stofnanir er varða náttúruvernd. Stjórnin telur það til bóta að efla tengingar milli náttúruvísinda en þau hafa gífurlega mikilvægt hlutverk á tímum þar sem loftslagsbreytingar, mengun og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni ógna lífvænleika jarðarinnar.

Verður þó að gæta að því að við sameininguna falli verkefni ekki niður og þekking tapist ekki. Náttúruvísindi eru undirfjármögnuð og er víða bent á að vanti gögn. Sameiningin má ekki hafa það í för með sér að draga úr því vísindastarfi sem er til staðar heldur á hún að styrkja og efla það.

Þá er sérlega mikilvægt að eftirlitshlutverk og rannsóknarhlutverk sem stofnanirnar hafa, verði ekki rýrt heldur að starf stofnana eflist og dafni sem og að þær heimildir og hlutverk sem stofnanirnar hafa í vernd íslenskrar náttúru rýrni ekki.

Einnig vill Landvernd koma á framfæri tillögu að orðalagi 5. gr. frumvarpsins um verkefni stofnunarinnar, tölulið 5. Þar segir nú *Að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda ...* Hér væri réttara að segja:

*Að leiðbeina um sjálfbæra nýtingu náttúrulegra auðlinda ...*

Skilgreining sjálfbærni er mun skýrari og óháðari huglægu mati en hóf. Einnig væri vert að innibera orðaskilgreiningu á sjálfbærni í frumvarpinu sambærilegt skilgreiningu um sjálfbæra landnýtingu í lögum um landgræðslu 155/2018. Að hverfa frá kröfum um að nýting sé sjálfbær er afturhvarf. Lagt er til að við frumvarpið bætist eftirfarandi skilgreining:

Sjálfbær nýting: Nýting þannig að ekki sé gengið á auðlindirnar og þær endurheimtar eins og unnt er, og jafnframt að viðgangur og virkni vistkerfa ásamt jarðfræðilegum eiginleikum haldist.

Vert er einnig að nefna tölulið 10 í 5. gr. frumvarpsins um verkefni stofnunarinnar:

*10. að skrá náttúruminjar, annast mat á verndargildi þeirra og hafa umsjón með C-hluta náttúruminjaskrár.*

Stjórnvöldum er skylt að gefa út og birta með auglýsingu í Stjórnartíðindum framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluti náttúruminjaskrár) sem áður hét náttúruverndaráætlun, eftir samþykki



Alþingis á fimm ára fresti. Hefur það ekki verið gert með slíkum hætti síðan 2010<sup>1</sup> eða í 13 ár. Í apríl 2018 lagði Náttúrufræðistofnun til 112 svæði sem voru valin í net verndarsvæða fyrir vistgerðir, fuglategundir og jarðminjar og 2020 bætti stofnunin við 29 svæðum til verndar fossum og selum. Stjórnvöld hafa brotið náttúruverndarlög með því að láta tillögurnar daga uppi í Umhverfisráðuneytinu og hjá Umhverfisstofnun. Á þessu verður að gera bót og vill Landvernd nota tækifærið til þess að hvetja ráðherra til að leggja fram tillögu að B-hluta náttúruminjaskrár fyrir Alþingi til afgreiðslu strax á þessu þingi.

### **Að lokum**

Landvernd vill koma því á framfæri að miðað við umfang frumvarpsins ásamt tveggja annara er varða sameiningu stofnana mætti umsagnarfresturinn vera töluvert lengri. Landvernd heldur áfram að fylgjast með framgangi málsins.

*Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður*

---

<sup>1</sup> [Stjórnarráðið | Náttúruverndaráætlun samþykkt \(stjornarradid.is\)](#)  
[573/152 svar: náttúruminjaskrá | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)